

„Ég er að leggjast í víking“

● Ragnar Hólm Ragnarsson opnar í dag málverkasýninguna *Suðrið andar* í Listhúsi Ófeigs
● Málar eina vatnslitamynd á dag ● „Það fer lítill tími hjá mér til spillis,“ segir Ragnar Hólm

Hólmfríður María Ragnhildardóttir
hmr@mbl.is

„Ég er að leggjast í víking, kem að norðan með myndlistarsýningu. Suðrið andar þegar Norðlendingurinn mætir á svæðið,“ segir Akureyringurinn Ragnar Hólm Ragnarsson sem opnar málverkasýninguna *Suðrið andar* í dag, laugardag, í Listhúsi Ófeigs á Skólavörðustíg.

Eins og glöggir taka eftir er heitið á sýningunni tilvísun í kyæði Jónasar Hallgrímssonar, „Ég bið að heilsa“. Nafnið er þó hægt að túlka á marga vegu að sögn Ragnars og má þá helst nefna suðrænu áhrifin sem finna má í verkum hans.

Fegurð íslenskrar náttúru

Á sýningunni eru ýmist vatnslita- eða olíumálverk. eru þau að mestu óhlutbundin eða abstrakt expressjónísk. Blandar Ragnar saman íslenskum jarðlitum og heitum suðrænum litum en hann hefur dvalið í þó nokkurn tíma í Suður-Evrópu þar sem hann hefur meðal annars setið námskeið í meðferð líta.

Aðspurður segist Ragnar vera mikið náttúrubarn og sækja mestan innblástur í íslenska náttúru. „Það er náttúrulega bara íslensk náttúra, fegurð hennar, veðrabrigði, skýfall og því um líkt. Innblástur er náttúrulega ekkert annað en það sem hefur áhrif á mann eða er svona að einhverju leyti stórfenglegt eða hér um bil yfirnáttúrulegt.“

Ragnar hefur lengst af unnið með vatnsliti í verkunum sínum. Segir hann þetta vandmeðfarinn miðil enda þurfi ekki mikið að koma upp á til að málverkið eyðileggist og í raun þurfi ekki nema ein mistök. Undanfarið hefur hann þó sótt meira í olíulitina og eru þeir áberandi í nýju sýningunni.

Vinnur með ólíka miðla

„Þetta eru tveir mjög ólíkir miðlar. Það er mjög gaman að vinna með vatnslitina en maður verður að æfa sig mikið. Ég segi stundum að vatns-



Svartfell Ragnar Hólm sækir sér mestan innblástur í íslenska náttúru.

litirnir séu eins og ballettdans en olíulitirnir eru meira eins og hnefaleikar. Vatnslitamyndirnar eru líka yfirleitt tiltölulega hlutbundnar landslags- eða náttúrumyndir en olían er miklu meira abstrakt og þar koma kannski þessi spænsku áhrif í gegn. Það eru meiri læti í þeim.“

Keyrir áfram á góðum snúningi

Auk þess að mála starfar Ragnar einnig hjá Akureyrarbæ. Hefur hann verið í kynningar- og markaðsmálum hjá bænum í tæplega 20 ár en nú undanfarið hefur hann einnig verið í afleysingum sem aðstoðarmaður bæjarstjóra.

Spurður hvernig gangi að samræma vinnu og listmálun segir Ragnar það ekkert mál. „Það fer lítill tími hjá mér til spillis, ég horfi til dæmis aldrei á sjónvarp. Ég sinni starfi mínu þegar þarf og þegar ég á lausa stund þá mála ég.“

Kveðst Ragnar reyna að gefa sér tíma til að mála að minnsta kosti eina vatnslitamynd á dag og tekur hann vatnslitina nær undantekning-



Að störfum Ragnar Hólm Ragnarsson segist nær undantekningarlaust taka vatnslitina með sér þegar hann ferðast um landið og grípa til þeirra.

arlaust með sér þegar hann ferðast um landið. Vinnur hann málverkin jafnt og þétt yfir árið og vill helst ekki taka löng hlé. Ragnar getur þó tekið undir þann sálm að stuttar



Lambagras Tilbrigði við lambagras í túlkun Ragnars Hólms.

kannski að því að ég væri leiðinlegur. Ég vil keyra lífið áfram á góðum snúningi.“

Sækir námskeið í fríum

Undanfarnin ár hefur Ragnar verið duglegur að ferðast og sækja sér þekkingu víðs vegar um Evrópu. Í ferðalögum hefur hann gert það að vana sínum að sækja námskeið hjá flinkum listamönnum meðal annars í Skandinavíu, á Ítalíu og Spáni. Telur hann það gefa ferðinni og frítímanum skýrara markmið og tilgang.

Í kóffinu hefur dregið úr ferðalögum en Akureyringurinn lætur það þó ekki stöðva sig. Þess í stað hefur hann nýtt sér tæknina og setið nokkur námskeið í gegnum fjárfundabúnaðinn Zoom. Að sögn Ragnars er það vitaskuld ekki jafn skemmtilegt og að ferðast út fyrir landsteinana en engu að síður gagnlegt og gaman.

Sýningin *Suðrið andar* stendur til 18. ágúst og er opin mánudaga til föstudaga milli kl. 10 og 18 sem og á laugardögum milli kl. 11 og 16.

mbl.is

fólkið

Fólkið á mbl.is færir okkur fréttir af fína og fræga fólkinu innanlands og stjórnum erlendis. Hver gerði hvað, með hverjum og hversvegna? Ekki missa af sjóðheitum krassandi sögum af þeim sem stela senunni.

mbl.is/folk

mbl.is - ómissandi ferðafélagi í allt sumar

Lay Low kemur fram í Strandarkirkju

„Hvíldu, hjarta, hvíldu“ er yfirskrift tónleika í tónleikaröðinni Englar og menn í Strandarkirkju sem fram fara á morgun, sunnudag, kl. 14. Þar kemur fram Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, betur þekkt sem Lay Low. Yfirskrift tónleikanna er ljóðlína úr ljóðinu „Aftansöngur“ eftir Huldu sem verður flutt á tónleikunum. „Flest lögín sem verða spiluð eiga það sameiginlegt að vera samín af konum. Það má því segja að þetta verði tónleikar þar sem kvenröddin og sköpunarflæði fær að fljóta og njóta sín.

Lay Low gaf út plötuna *Brostinn strengur* árið 2011 þar sem hún samdi lög við ljóð eftir aðrar konur. Tilraunakennur og dreymandi hljóðheimurinn sem varð til á þeirri plötu fékk lof gagnrýnenda þegar hún kom út. Þær ætla að flytja mik-



Konur Lög og textar eftir konur eru áberandi á tónleikum Lay Low á morgun.

id af þessum lögum í bland við önnur lög eftir aðrar konur,“ segir í tilkynningu, en Lay Low til halds og trausts eru Agnes Erna Estherardóttir og Anna Margrét Hraundal. Listrænn stjórnandi hátíðarinnar er sem fyrr Björg Þórhallsdóttir.

Náttúrutónar í Tunguskógi á morgun



Sæbjörg Eva Hlynsdóttir

haldnir í Tunguskógi í Fljótshlíð og er aðgangur ókeypis. Ásamt Sæbjörgu Evu og

gestasöngvurum skipa hljómsveitina þeir Sveinn Pálsson á gítar, Sigurgeir Skafti Flosason á bassa og Stefán Ingimar Þórhallsdóttir á trommur.

„Markmið tónleikanna er að skapa vettvang fyrir ungt tónlistarfólk til þess að flytja saman tónlist og koma sér á framfæri sem og að hvetja fjölskyldur og vini til þess að njóta saman útveru og tónlistar sem er innblásin af náttúrunni, ýta undir umhverfisvitund og efla menningarlíf,“ segir í tilkynningu.